

Nd.

621. Frumvarp til laga

[294. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar.

Flm.: Bjarnfriður Leósdóttir, Svava Jakobsdóttir.

1. gr.

10. gr. laganna orðist svo:

Lífeyristryggingar taka til ellilífeyris, örorkulífeyris, makabóta, barnalífeyris, barnsburðarbóta, mæðralauna, fæðingarstyrks, ekkjubóta og ekkjulífeyris.

2. gr.

Á eftir 14. gr. laganna komi ný grein er verði 15. gr., svohljóðandi:

Allar íslenskar konur, sem forfallast vegna barnsburðar, skulu njóta barnsburðarbóta í 90 daga samtals. Rýmri réttur samkvæmt kjarasamningum eða öðrum lögum helst. Bætur samkvæmt öðrum ákvæðum þessara laga hafa ekki áhrif á greiðslur samkvæmt grein þessari.

Upphæð greiðslu barnsburðarbóta skal miðast við full laun fyrir 8 klst. dagvinnu, eins og þau eru á hverjum tíma samkvæmt næstlægsta taxta verkamannafélagsins Dagsbrúnar í Reykjavík og greiðast mánaðarlega eftir á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í vaxandi mæli stunda konur atvinnu utan heimilis. Mikilvægar atvinnugreinar eru bornar uppi af vinnu kvenna. Nægir í því sambandi að minna á fiskiðnað landsmanna.

Aukin þátttaka kvenna í atvinnulífinu kallar á ýmsar félagslegar aðgerðir til að mæta þörfum þeirra. Þessum þörfum hefur ekki verið sinnt nægilega til þessa.

Mikið vantar t. d. á að hægt sé að bjóða börnum jafnan rétt til dvalar á dagvistunarheimilum eða að nægilegt tillit sé tekið til þess almennt, að aukin útvinnna foreldra krefst stofnana sem sinnt geta uppeldi barna og tekið við hlutverki því sem móðir gegnir á heimili.

Enn þá er afkoma margra kvenna mjög ótrygg við barnsburð. Frá þessu er þó veigamikil undantekning, því þær konur, sem starfa hjá ríki og bæjarfélögum, hafa þriggja mánaða barnsburðarleyfi á fullum launum. Síðan 1975 hafa konur í verkalyðsstétt fengið atvinnuleysisbætur vegna barnsburðar í jafnlangan tíma. Ekki nærri allar konur geta notið þessara réttinda, og Atvinnuleysistryggingasjóður er ekki fær um að inna þessar greiðslur af hendi, sem eru orðnar meira en helmingur af greiðslum sjóðsins, enda ekki til þess stofnaður.

Almennur og jafn réttur allra íslenskra kvenna er markmiðið með þessari breytingu á lögum um almannatryggingar, að öllum konum verði tryggð þessi sjálfsögðu réttindi.